

Námsskrá borgaralegrar fermingar Siðmenntar 2021

Borgaraleg ferming er valkostur fyrir öll ungmenni sem vilja fagna unglingsárunum í lífi sínu með uppbyggilegu námskeiði og hátíðlegri athöfn. Öll ungmenni geta tekið þátt burtséð frá trúar- eða lífsskoðunum. Þannig er stefna borgaralegrar fermingarfræðslu að rækta með markvissum hætti þá þekkingu og færni sem styrkir einstakling til að verða gagnrýnn og virkur þátttakandi í nútímasamfélagi. Siðmennt nálgast þessa menntun út frá sjónarhorni húmanismans, en stefnuyfirlýsingar húmanismans má finna á heimasíðu Siðmennt.

Húmanismi er stefna sem hefur manneskjuna sem slíka, umhverfi hennar og lífsskilyrði að viðfangi sínu. Því má segja að í raun sé hvorki meira né minna en lífið sjálft viðfangsefni húmanismans. Kjarni námskeiðsins er settur saman úr nokkrum meginþáttum stefnunnar sem við teljum mikilvæga fyrir þroska einstaklingsins. Þessir þættir eru gagnrýnin hugsun, siðferðileg rökræða, mannréttindi, réttlæti, virðing gagnvart náttúrunni, öðrum mönnum og dýrum. Á meðan á námskeiðinu stendur vakna yfirleitt upp spurningar á við þær um hvernig lífi sé best að lifa, hver sé tilgangur lífsins, hvað sé rétt og hvað sé rangt. Á námskeiðinu reynum við að færa okkur nær einhverju sem líkist svörum — en helst leggjum við áherslu á að kenna unga fólkinu sem námskeiðin sækja hvernig þau geti beitt fyrir sig gagnrýnum aðferðum í sinni eigin leit að svörum.

Við leggjum áherslu á að bjóða upp á fjölbætta og breiða námsskrá. Við nálgumst efnið í gegnum hugsunaræfingar, leiki og samræður. Námsskráin er þemaskipt en röðun þeirra er ekki meitluð í stein, enda koma gestakennarar að sumum þemum, eins og kynjafræði og jafningjafræðslu.

1. **Kynning og leikir.** Áður en við byrjum námskeiðið formlega er gott að hrista hópinn saman með auðveldum hópeflis- og hugsunarleikjum. Við kynnumst og spjöllum saman um væntingar til námskeiðsins. „Leikreglur“ um heilbrigðar og uppbyggilegar rökræður ræddar. Til að mynda er nauðsynlegt að setja reglur um það að allir megi tjá sig til jafns, að engin skoðun sé bönnuð eða vitlaus eða heimskuleg, að öllum beri að sýna öðrum virðingu og kurteisi.
2. **Gagnrýnin hugsun.** Við byrjum á því að skoða skilgreininguna á einkennum og markmiðum gagnrýnnar hugsunar. Markmiðið hér er að fá ungmennin til að bæta skilning sinn á sjálfinu, öðru fólki og heiminum. Að miklu leyti er gagnrýnin hugsun undirstöðunálgun alls námskeiðsins, svo við leggjum mikla áherslu á að venja þau á að spyrja alls kyns gagnrýninna spurninga um hvaðeina sem hægt er að velta vöngum yfir. Lykilhugtökin sem við leitumst við að kynnast hér eru rökvísi, ígrundun og rökræða. Okkur langar að læra í sameiningu hvernig við undrumst, efumst, spyrjum, myndum okkur skoðanir, rökstyðjum og rökræðum. Helstu spurningarnar sem okkur langar að kanna eru til að mynda þær hvort það sé munur á kappræðu og rökræðu, en einnig kynnum við okkur hvað röksemdafærslur og rökvillur eru, en þær síðastnefndu eru sívinsælt viðfangsefni!

3. **Siðfræði.** Í byrjun þessa tíma aðgreinum við hugtakið siðfræði frá hugtakinu um siðferði og greinum því næst hugtakið siðfræði sem slíkt. Markmiðið er að fá krakkana til að gera sér grein fyrir eigin siðferði, hvaðan það er sprottið og hvernig við getum mögulega haft áhrif á það með gagnrýninni hugsun. Við byrjum að skoða gildismat sem verður farið betur í í fjórðu viku, og félagsleg ábyrgð er sömuleiðis rædd í þessu samhengi. Siðferði okkar birtist í því sem við gerum og það sem við gerum er nálægt okkar gildismati. Þar veltum við fyrir okkur hvað er rétt og rangt, gott og illt. Berum við siðferðislega skyldu gagnvart hvort öðru og af hverju/af hverju ekki?
4. **Gildismat.** Við fellum dóma á grundvelli gildishlaðinna skoðana okkar. Að þekkja sín eigin gildi sem grundvöll skoðana okkar er afar mikilvægt þar eð þau eru vísir að því hvernig við reynum að haga lífi okkar. Í þessum tíma ræðum við um gildismat í samræmi við hvernig við metum okkur sjálf, hvernig við leggjum mat á aðra og hvað það er sem við metum mikils. Spurningar á borð við „hvaðan kemur okkar gildismat?“ eða „er hægt að breyta eigin gildismati?“ dúkka stundum upp. Einnig er vert að velta því fyrir sér, sem oft kemur upp, hvort það séu einhver gildi sem séu altæk. Út frá þessum spurningum skapast gjarnan afar skemmtilegar umræður. Gagnrýnin umræða og hugsun um gildismat og virði er mikilvægur liður í uppbyggingu sterkari sjálfsmyndar.
5. **Réttlæti.** Í þessum tíma reynum við að skilgreina hugtakið réttlæti. Það sem er löglegt getur verið siðlaust og þess vegna er gagnrýnin hugsun og siðfræði mikilvæg þegar rætt er um réttlæti. Ýmsar spurningar vakna óhjákvæmilega við þessar vangaveltur, spurningar á borð við; „Er það réttlæti að fá það sem maður verðskuldar sama hvort það er gott eða slæmt?“ eða „Hvað gerir einn atburð réttlátan en annan óréttlátan? Hver metur slíkt og hvernig?“ Meginþráðurinn er spurningin um það hvort við getum komist að sjálfstæðri og hlutlægni niðurstöðu einsömum um það hvort eitthvað sé réttlátt eða óréttlátt — spurningu sem er síður en svo auðsvarað. Þessum hugleiðingum veltum við meðal annars fyrir okkur í gegnum leiki og samræður.
6. **Kynfræðsla.** Undir þessu þema fáum við inn gestakennara, hana Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur, M.A. í kynja- og kynverundarfræðum. Í fræðslunni er fjallað um kynverund og áhrifavalda frá vöggum til unglingsára þar sem áhersla er lögð á mótun kynhlutverka, þróun kynverundar, kynþroskann og hvernig ólíkir áhrifavalda snerta líf barna. Hvað þýðir það að vera einhvers „kyns“? Hvað er þetta kyn eiginlega? Hver er munurinn á kyni, kynvitund, kynhneigð, og svo framvegis? Hvaða hugtök notum við um kyn og hvernig spruttu þau upp úr þeim sögulega og samfélagslega grundvelli sem þau gerðu? Fræðslan byggir á verkefnum, samtali og fyrirlestri.
7. **Umhverfisvernd.** Þekking á umhverfismálum er gífurlega mikilvæg og nýtist ungmennunum á flestum sviðum lífsins. Finna má ótrúlegt magn upplýsinga um umhverfis- og loftslagsmál í hinum ýmsu miðlum — misvísandi upplýsingar til jafns við hinar áreiðanlegu — og það er ekkert einfalt mál að komast að öruggri niðurstöðu í þessum efnunum. Í tímanum langar okkur að kanna það í sameiningu hvernig við getum nálgast heiminn með umhverfisglærum, litið gagnrýnum augum á orðræðu og önnur tól sem notuð eru til þess

að hylma yfir umhverfisspjöll og skoða hvernig við getum lifað umhverfissvænna hversdagslífi. Málefnið verður sérstaklega tengt við reynsluheim ungs fólks og þeim gefin tæki og tól til þess að taka á málinu. Þá verður fjallað sérstaklega um loftslagskvíða og bjargráð við honum.

8. **Mannréttindi.** Undir þessu þema tölum við meðal annars um Mannréttinasáttmála SP og stiklum síðan á stóru í sögu jafnréttisbaráttu ýmissa hópa. Lög og réttindi eru fyrirbæri sem við tökum oftast sem gefnum, en í þessum tíma viljum við grandskoða þau að innan sem að utan. Ýmsar spurningar vakna upp við þessa könnun. Hvað eru réttindi — hvað er réttur, þegar út í það er farið? Hvers vegna hafa sumir meiri réttindi en aðrir? Af hverju er jafnrétti svona mikilvægt og hvernig förum við að því að gæta jafnréttis? Er hægt að hafa réttindi ef við berum engar skyldur á móti? Hvað eru mannréttindi?
9. **Dýrasiðfræði.** Undir þessu þema förum við í leik þar sem við skoðum stöðu annarra tegunda í heimi sem er stjórnað af aðeins einni tegund. Hvernig er framkoma okkar gagnvart öðrum tegundum og er hún ásættanleg? Hver er munurinn á dýrum og mannverum? Er hann mikill eða lítill? Er hann kannski minni en okkur grunar? Hvað um plöntur, hvar standa þær? Hvernig ber okkur að hugsa um og koma fram við líf sem er ekki mannlegt? Hvernig tengjast landbúnaður og dýrarækt umhverfismálum? Þessar spurningar og fleiri verða tæklaðar í þessum tíma.
10. **Jafningjafræðsla.** Í þessum tíma fáum við góða gesti frá Jafningjafræðslunni. Jafningjafræðsluna ættu flestir að þekkja en þau eru hópur ungs fólks sem starfar hjá Hinu húsinu. Þau bjóða ungmönnum jafnan upp á góða fræðslu á jafningjagrundvelli, fræðslu sem snýr að forvörnum, heilbrigðum lífstíl, sjálfsmynd og þaðan fram eftir götunum. Jafningjafræðarar fá sjálfir margskonar fræðslu frá sérfræðingum áður en þeir hefjast starfa og hafa þess að auki mikla reynslu af því að koma skilaboðunum til skila.
11. **Foreldratími.** Í lokin hittast foreldrar og leiðbeinandi viðkomandi hóps þar sem spjallað verður um undanfarnar vikur, hvað hefur verið farið yfir á námskeiðinu og næstu skref: athöfnina og undirbúning hennar.